

***BORGARRÁÐ 26. ágúst 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um áætlanir þjónustu- og nýsköpunarsviðs að stafrænni umbreytingu lokinni - R21080163***

Sú hugsun og fyrirtækjamenning sem hefur orðið til hjá ÞON minnir einna helst á hugarfar lottóvinningshafa sem allt í einu veit varla aura sinna tal og byrjar að eyða eins og enginn sé morgundagurinn án þess að hafa í huga að það kemur að þeim degi að allir peningarnir verða uppnir. Fjöldi manns hefur verið ráðinn, tekin á leigu viðbótarhúsnæði svo fátt sé nefnt. Borgarfulltrúi Flokks fólksins spyr þess vegna, hvað ætlar Þjónustu-og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar eiginlega að gera þegar það verður búið að eyða tíu þúsund milljónum af útsvars peningum borgarbúa að 2 árum liðnum? Hvað verður um allt þetta starfsfólk sem búið er að ráða? Hvað verður um alla gulu miðana úr hugmyndasmiðjunum þegar engir peningar verða eftir til þess að halda áfram að líma þá upp um alla veggji sviðsins? Fulltrúi Flokks fólksins óskar einnig að spyrja af hverju þjónustu- og nýsköpunarsvið lærir ekki af þeim færustu og bestu og sem nú þegar eru farnir að nýta stafrænar afurðir. Í dag er sem dæmi ráðstefna Tengjum ríkið 2021 sem ÞON gæti lært mikið af í stað þess að vera „ein út í horni“ að eyða 10 milljörðum á 3 árum í að finna upp hjól sem hefur verið fundið upp.